

10. Hlíta skal, um afgreiðslu lyfseðla á eftirritunarskyld lyf, almennum ákvæðum um afgreiðslu lyfja eftir lyfseðli, sbr. 5. gr., að svo miklu leyti, sem þau eiga við.

2. gr.

Eftirtalin breyting verður á viðauka I við reglugerðina, undanþágur varðandi lausasölu nokkurra lyfja, sbr. 14. gr. b.

Lyf eða samsetning	Samsetningar, sem setja má í lausasölu	Athugasemdir
Kreosotum	Kvefmixtúra	Ekki yfir 0.3%

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 23. gr. lyfsölulaga nr. 30. 29. apríl 1963 og öðlast gildi 1. ágúst 1976.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. júní 1976.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ
um Launasjóð rithöfunda.

1. gr.

Menntamálaráðherra skipar í stjórn Launasjóðs rithöfunda til þriggja ára í senn þrjá menn utan Rithöfundasambands Íslands tilnefnda af stjórn þess. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Engan má tilnefna í stjórn tvívegis í röð né oftari en tvisvar samanlagt.

Sjóðsstjórn annast úthlutun úr Launasjóði rithöfunda og skal hafa lokið störfum 1. mars ár hvert.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun hennar.

2. gr.

Árlegum tekjum sjóðsins skal varið til að greiða íslenskum rithöfundum starfslaun samkvæmt 26. launaflokki opinberra starfsmanna (byrjunarþrepi).

Starfslaun eru veitt eftir umsóknum, skemmst til tveggja og lengst til níu mánaða í senn.

Höfundar eiga rétt á að sækja um starfslaun árlega.

Sjóðsstjórn auglýsir eftir umsóknum með venjulegum hætti. Í umsókn skal getið verka, sem höfundur hefur látið frá sér fara eða vinnur að. Að öðru leyti ákveður sjóðsstjórn og tiltekur í auglýsingu hvaða upplýsingar fylgja skuli umsókn um starfslaun.

Höfundur, sem sækir um og hlýtur starfslaun í þrjú mánuði eða lengur, skuldbindur sig til að gegna ekki fastlaunuðu starfi meðan hann nýtur starfslauna. Slík kvöð fylgir ekki tveggja mánaða starfslaunum enda skulu þau einvörðungu veitt vegna verka sem birst hafa næsta almanaksár á undan.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita höfundum starfslaun í skemmri tíma en þeir sóttu um nema höfundur hafi beinlínis beðist undan því í umsókn sinni.

Einu gildir hvort höfundur sækir sjálfur eða einhver í umboði hans.

Starfslaun verði greidd mánaðarlega hjá ríkisféhirði.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 29/1975 um Launasjóð rithöfunda og öðlast þegar gildi.

Gildistími reglugerðarinnar er þrjú ár.

Bráðabirgðaákvæði.

Úthlutun árið 1976 skal lokið fyrir 15. ágúst þ. á.

Menntamálaráðuneytið, 9. júní 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 160 29. nóv. 1956, um takmörkun leigubifreiða á Akureyri og ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga á Akureyri skal á hverjum tíma miðast við íbúatölu Akureyrar, þannig að ein leigubifreið komi á hverja 500 íbúa. Reikna skal með tölu þeirra íbúa, sem lögheimili eiga á Akureyri samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Þar til rétt hlutföll samkvæmt framansögðu eru fengin skal úthluta fimmta hverju leyfi, er losnar og einu leyfi, fyrir hverja 500 íbúa fjölgun.

Leyfi þeirra manna, sem við gildistöku reglugerðarinnar fá atvinnuleyfi, en ekki hafa akstur leigubifreiða að aðalatvinnu, skulu ekki endurveitt öðrum.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. júní ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framansögðu.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 178 23. júní 1968.

Samgönguráðuneytið, 31. maí 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 186 6. júní 1973, sbr. reglugerð nr. 358 17. júlí 1975 um Vatnsveitu Búðardals.

1. gr.

10. gr. orðist svo:

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem sérmetnar eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða úr og til næstu vatnsæða, skal greiða vatnsskatt, sem nemur